

KOSNINGAÁHERSLUR FLOKKA Í MÁLEFNUM STÚDENTA



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Framsóknarflokkurinn

Ekkert um fjármögnun háskólastigsins í kosningaáherslum.



Viðreisn

Ekkert um fjármögnun háskólastigsins í kosningaáherslum.



Sjálfstæðisflokkurinn

Fjölbreyttara rekstrarform. Auk opinbers rekstrar séu sjálfstætt starfandi skólar nýttir sem og nýsköpun á sem flestum sviðum.

Veita opinberum háskólum aukna heimild til innheimtu hóflegra skólagjalda og stýra betur fjölda nemenda í námi.



Flokkur fólksins

Ekkert um fjármögnun háskólastigsins í kosningaáherslum.



Miðflokkurinn

Ekkert um fjármögnun háskólastigsins í kosningaáherslum.



Sózialistaflokkur Íslands

Skólakerfið skuli vera rekið af hinu opinbera og nægt fjármagn tryggt til allra menntastofnana í opinberum rekstri.

Auka og efla styrki til rannsóknar- og doktorsverkefna og tryggja þarf sjálfstæða rannsóknarsjóði.

Frjálslyndi
lýðræðisflokkurinn

Ekkert um fjármögnun háskólastigsins í kosningaáherslum.



Píratar

Ekkert um fjármögnun háskólastigsins í kosningaáherslum.



Samfylkingin

Opinber fjárframlög á hvern háskólanema skuli ná meðaltali norrænu ríkjanna þannig að fjármögnun háskóla standist alþjóðlegan samanburð.



Vinstri græn

Bæta fjármögnun háskólakerfisins og tryggja að háskólarnir séu aflstöðvar um land allt.

Fjárfesta í rannsóknum og nýsköpun.

Fjármunum sem eru utan við rannsóknafjárveitingar háskólanna skuli úthluta úr samkeppnissjóðum þar sem jafningamat er notað við mat á rannsóknum.



Framsóknarflokkurinn

Menntasjóður námsmanna talinn upp sem umbótamál á síðasta kjörtímabili.



Sósíalistaflokkur Íslands

Taka upp námsstyrkjakerfi og gera fólki kleift að gera upp lánin með eðlilegri greiðslubyrði og fella þau niður þegar við á.



Viðreisn

Námslán og skólagjöld taki mið af því að öll hafi jöfn tækifæri til framhalds- og háskólanáms, óháð efnahag og búsetu.

Efla enn frekar styrkja- og lágvaxtalánkerfi námslána. Stefna að blönduðu styrkja- og lánakerfi, þar sem námsmenn hafi þó kost á að nýta aðeins styrkinn, án þess að taka lán.

Afnema frítekjumark námslána Menntasjóðs námsmanna ásamt því að grunnframfærsla sé í samræmi við neysluviðmið Félagsmálaráðuneytisins.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd, sem hafa hlotið dvalarleyfi á Íslandi, skulu eiga kost á námslánum.



Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn

Bæta vinnubrögð Lánasjóðs íslenskra námsmanna (*í tengslum við Íslendinga erlendis*).



Sjálfstæðisflokkurinn

Ekkert um námslánakerfið í kosningaáherslum.



Píratar

Halda áfram að færast úr námslánakerfi yfir í styrkjakerfi og tryggja stúdentum viðeigandi framfærslu sem tekur mið af raunverulegum aðstæðum þeirra.



Flokkur fólksins

Veita námsfólki frelsi til að afla aukatekna án lánskerðinga.



Samfylkingin

Fyrirbyggja að styrkjakerfi lánasjóðsins gagnist fyrst og fremst þeim sem betur eru settir á kostnað þeirra sem helst þurfa á styrk að halda.

Menntasjóður eigi að vera styrktarsjóður í þágu námsmanna og styðja með sanngjörnum hætti við nemendur sem stunda nám innan eða utanlands.

Sá hluti námsstyrkja sem er lán eigi að hafa tveggja prósentu vaxtaþak, lágmarksnámsframvinduþrófur verði 18 ECTS-einingar, alfarið verði fallið frá hugmyndum um markaðsveiti á námslán og áfram byggt á tekjutengingu afborgana.

Frítekjumark námsmanna verði að hækka og haldast í við launaþróun í landinu.

Grunnframfærsla námslána skuli miðast við dæmigert neysluviðmið velferðarráðuneytisins.



Miðflokkurinn











Ekkert um námslánakerfið í kosningaáherslum.



Vinstri græn

Meta reynsluna af Menntasjóði námsmanna og kanna hvernig breytingar á kerfinu hafa tryggt betur jafnrétti til náms. Skoða sérstaklega hvernig sjóðurinn geti stuðlað betur að byggðajafnrétti.

Huga að því að tryggja mannsæmandi grunnframfærslu og hækka frítekjumarkið til að tryggja jafnrétti til náms og rétt efnaminni nemenda til námslána óháð starfshlutfalli.

				
<p>Framsóknarflokkurinn</p>	<p>Viðreisn</p>	<p>Sjálfstæðisflokkurinn</p>	<p>Flokkur fólksins</p>	<p>Miðflokkurinn</p>
<p><i>Ekkert um aðgengi námsfólks að atvinnuleysistryggingakerfinu í kosningaáherslum.</i></p>	<p><i>Ekkert um aðgengi námsfólks að atvinnuleysistryggingakerfinu í kosningaáherslum.</i></p>	<p><i>Ekkert um aðgengi námsfólks að atvinnuleysistryggingakerfinu í kosningaáherslum.</i></p>	<p><i>Ekkert um aðgengi námsfólks að atvinnuleysistryggingakerfinu í kosningaáherslum.</i></p>	<p><i>Ekkert um aðgengi námsfólks að atvinnuleysistryggingakerfinu í kosningaáherslum.</i></p>
				
<p>Sósíalaflokkur Íslands</p>	<p>Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn</p>	<p>Píratar</p>	<p>Samfylkingin</p>	<p>Vinstri græn</p>
<p><i>Ekkert um aðgengi námsfólks að atvinnuleysistryggingakerfinu í kosningaáherslum.</i></p>	<p><i>Ekkert um aðgengi námsfólks að atvinnuleysistryggingakerfinu í kosningaáherslum.</i></p>	<p>Tryggja nemendum atvinnuleysisbætur þegar framboð á sumurvinnu þýtur.</p>	<p>Leiðrétta verði það ranglæti að námsfólki sé neitað um áunninn rétt til atvinnuleysistrygginga í námshléum þrátt fyrir að tryggingagjald sé innheimt af launum stúdenta eins og annarra.</p>	<p><i>Ekkert um aðgengi námsfólks að atvinnuleysistryggingakerfinu í kosningaáherslum.</i></p>



Framsóknarflokkurinn

Heildarendurskoðun á húsnæðismálunum og samræma umsóknargátt almennra og sérstakra húsnæðisbóta.

Útfæra hlutdeildarlán fyrir fleiri hópa en fyrstu kaupendur.

Skipulags- og húsnæðismál séu í sama ráðuneyti til að auka skilvirkni þegar kemur að skipulagsmálum sveitarfélaga.

Auka framboð á almennum íbúðum fyrir öryrkja og fatlaða.



Sózialistaflokkur Íslands

Námsmönnum í háskóla- eða fagnámi sé tryggt húsnæði á nemendagörðum.

Langtíma húsnæðisstefna og nýtt húsnæðiskerfi sem taki mið af ólíkum þörfum mismunandi þjóðfélagsþópa.

Félagslegar íbúðir og fjölbreytt búsetuform.



Viðreisn

Tryggja að byggingarmagn anni eftirspurn og jafnvægi sé á markaðnum. Styðja þarf sérstaklega fyrstu kaupendur í formi heimildar til að ráðstafa séreignarsparnaði við útborgun og inn á íbúðalán.

Öll sveitarfélög taki þátt í lausn húsnæðisvanda þeirra sem aðstoð þurfa.

Lækka vexti á húsnæðislánnum og gera lánakjör betri með því að binda gengi krónunnar við evru.



Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn

Verðtryggingu verði hætt á húsnæðislánnum og mönnum auðveldað að skipta úr verðtryggðum húsnæðislánnum í óverðtryggð lán, sem þýðir að einstaklingar þurfi ekki að fara á ný í greiðslumat.



Sjálfstæðisflokkurinn

Leita leiða til að lækka byggingarkostnað og auka framboð á íbúðum sem henta við upphaf búskapar. Afnema skuli afskipti hins opinbera af greiðslumati og ábyrgðum á lánnum vegna húsnæðisakaupa.

Sérstakt markmið að auðvelda ungu fólki sín fyrstu kaup með skattalegum og vaxtalegum hvötum til sparnaðar til að standa undir útborgun við fyrstu kaup.

Stuðla að virkum leigumarkaði eins og þekkist víðast hvar í nágrannalöndunum.

Ráðstöfun séreignarsparnaðs inn á íbúðalán skuli vera úrræði til frambúðar og skuli lúta sömu reglum og gilda um fyrstu íbúðarkaup.



Píratar

Auka möguleika ungs fólks á að finna sér húsnæði við hæfi með því að auka framlög til byggingu íbúða fyrir námsfólk um allt land.

Réttinn til viðeigandi og öruggs húsnæðis fyrir öll sem þurfa. Fjölga búsetuúrræðum sem koma til móts við þarfir mismunandi hópa og vinna að fjölgun almennra íbúa.

Efla stuðning við óhagnaðardrifin leigufélög og styðja við frekari uppbyggingu á vegum húsnæðissjálfseignarstofnanna.



Flokkur fólksins

Afnema verðtryggingu húsnæðislána, heimilt verði að endurfjármagna verðtryggð lán með óverðtryggðum lánnum án þess að undirgangast lánshæfnis- og greiðslumat.

Berjast gegn húsnæðiskorti og skapa hvata til aukinnar uppbyggingar.



Samfylkingin

Fjölbreytt framboð á húsnæðismarkaði til að tempra verð og tryggja húsnæðisöryggi fyrir alla. Það sé gert með því að beina framlögum hins opinbera í auknum mæli til uppbyggingar í samstarfi við húsnæðisfélög án hagnaðarsjónarmiða.

Vera leiðandi á sveitarstjórnarstiginu með m.a. uppbyggingu í samvinnu við verkalýðshreyfinguna og byggingarfélagum á vegum stúdenta og eldri borgara. Auka stofnframlög til uppbyggingar og hækka tekju- og eignamörk.

Byggja áfram hefðbundið félagslegt húsnæði, íbúðir fyrir fatlað fólk og sérstök búsetuúrræði fyrir heimilislausa.



Miðflokkurinn

Veita öllum ríkisborgurum tækifæri til að eignast eigin húsnæði.

Stuðla að því að byggja fjölbreytt gæðahúsnæði.



Vinstri græn

Aðgangur að vönduðu húsnæði á viðráðanlegu verði, svo kjarabætur hverfi ekki í hækkaði húsnæðiskostnaði.

Stjórnvöld og stéttarfélög efla enn frekar fjölbreyttari búsetuform með félagslegum lausnum af ýmsu tagi, svo sem óhagnaðardrifnum leigufélögum og möguleikum á öruggri langtímaleigu. Setja þarf leigufélögum og leigusölum ramma til að koma í veg fyrir að hægt sé að hækka húsaleigu umfram verðlagsþróun.

Koma sérstaklega til móts við ungt fólk með því að skoða möguleikann á því að ríkið eða Íbúðalánasjóður bjóði upp á sérstök útborgunarlán sem næmu 25% af verði hóflegar fyrstu eignar vaxtalaust til 5 ára. Lán af slíku tagi byðist fólki til fyrstu kaupa á íbúð og væri hugsað til þess að brúa bilið fyrir ungt fólk sem er að hefja búskap og vill eignast íbúð.

Auka þátt leigu- og kaupleigufélaga sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða á íslenskum húsnæðismarkaði.



Framsóknarflokkurinn

Efla geðheilbrigðisþjónustu í forvarnaskyni. Ekki síst fyrir börn og félagslega veika hópa.



Viðreisn

Sjúkratryggingar Íslands fá fjármagn til að semja við sjálfstætt starfandi meðferðaraðila í samræmi við nýsamþykkt lög um niðurgreiðslu þjónustunnar.

Tryggja aðgengi að sálfræðiþjónustu og náms- og starfsráðgjöf á öllum skólastigum í fjölmenninarglegu skólaumhverfi.



Sjálfstæðisflokkurinn

Efla þurfi geðheilbrigðisþjónustu og forvarnir í málaflokknum.

Auka þjónustu heilsugæslunnar til að sinna fyrsta stigs þjónustu við einstaklinga með geðræn vandamál.

Fella þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga undir í sjúkratryggingar.



Flokkur fólksins

Ekkert sérstaklega um geðheilbrigðismál í kosningaáherslum.



Miðflokkurinn

Tryggja öllum Íslendingum jafnt aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu, bæði líkamlega og andlega heilsu.



Sósiálistaflokkur Íslands

Efla geðheilbrigðisþjónustu innan spítala og á heilsugæslu sem og neyðarúrræði fyrir börn og unglunga með geðrænan vanda.

Skólar á öllum menntastigum skulu hafa aðgang að geðheilbrigðisstarfsfólki í gegnum heilsugæsluna.



Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn

Ekkert sérstaklega um geðheilbrigðismál í kosningaáherslum.



Píratar

Tryggja aðgengi að sálfræði- og lækniástoð og taka tillit til veikindatengdrar fjarveru við námsmat.

Í geðheilbrigðisþjónustu þarf að auka fjármagn sem skuli nýttast í að leggja áherslu á forvarnir, fyrirbyggjandi aðgerðir og snemmtæka íhlutun.

Niðurgreiða sálfræðiþjónustu og viðurkenndar samtalsmeðferðir.

Tryggja aðgengi nemenda á öllum skólastigum að sálfræðiþjónustu og fræðslu.



Samfylkingin

Gera heildarúttekt á umfangi og framkvæmd geðheilbrigðisþjónustunnar.

Bæta aðgengi og fylgja eftir nýjum lögum um greiðsluþátttöku vegna sálfræðiþjónustu.

Bætt aðgengi að sálfræðiþjónustu, félagsráðgjöf og annars sambærilegs stuðnings í skólum og stuðla áfram að aukinni umræðu og fræðslu um andlega heilsu.



Vinstri græn

Byggja upp þekkingu og þjálfun til að unnt sé að veita fyrstu geðheilbrigðisþjónustu á heilsugæslustöðvum.

Forvarnarstarf styrkt á öllum stigum heilbrigðisþjónustu, í skólakerfi og félagsþjónustu.

Efla ráðgjöf félagsráðgjafa og sálfræðinga í skólum til að taka á tilfinningalegum og geðrænum vanda barna og ungmenna



Framsóknarflokkurinn

Brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, með lengingu fæðingarorlofs og stuðla að því að börn fái leikskólapláss fyrir.



Viðreisn

Hækka til muna rétt námsmanna, fólks í minna en 25% starfi og fólks sem er nýkomið út á vinnumarkað til fæðingarstyrks. Fjárhæð þess styrks skal byggð á viðeigandi neysluviðmiðum hins opinbera.

Tryggja að allir foreldrar hafi rétt á greiddu sumarleyfi eftir fæðingarorlof.



Sjálfstæðisflokkurinn

Hækkun á fæðingarstyrk til að jafna stöðu námsmanna með jákvæðum hvötum til barneigna.

Brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.



Flokkur fólksins

Ekkert er varðar foreldra í námi í kosningaáherslum.



Miðflokkurinn

Ekkert er varðar foreldra í námi í kosningaáherslum.



Sózialistaflokkur Íslands

Fæðingarorlof sé lengt í 18 mánuði.

Tryggja að fólk missi ekki réttindi sín við flutninga hvort heldur sé milli sveitarfélaga eða tímabundið til útlanda.

Frjálslyndi
lýðræðisflokkurinn

Ekkert er varðar foreldra í námi í kosningaáherslum.



Píratar

Ríki og sveitarfélög vinni saman að því að leikskólapláss standi til boða að loknu fæðingarorlofi.

Raunverulegt fæðingarorlof fyrir námsfjölskyldur, hærri fæðingarstyrkir, hærri barnabætur og sveigjanlegra fæðingarorlofskerfi.



Samfylkingin

Greiða fullar barnabætur með öllum börnum til foreldra með allt að meðaltekjum (u.þ.b. 1200 þúsund á mánuði hjá pari eða 600 þúsund krónur fyrir einstætt foreldri).

Hækka fæðingarstyrk námsmanna og foreldra utan vinnumarkaðar í dæmigert neysluviðmið félagsmálaráðuneytisins.



Vinstri græn

Brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Lengja fæðingarorlof fyrst og næst gera tímasetta áætlun í samstarfi við sveitarfélögin um hvernig leikskólarnir geta tekið við börnum að loknu fæðingarorlofi.